

Áfangalýsing

Titill	Titill: Hársnyrting 1
Námsgrein	Námsgrein: Hársnyrting
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HSNY1HG04
Staða	
Þrep	1
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HSNY1HG04
Lýsing	<p>Nemandinn kynnist grunnatriðum kennslukerfis hársnyrtinámsins við klippingu á æfingahöfði og tileinkar sér helstu hugtök fagsins. Áhersla er lögð á að horfa og hugsa eins og hönnuður. Farið er í grunnform klippinga, Jafn sítt, flái, auknar stytur og jafnar stytur. Nemandinn kynnist mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta. Hann fær að auki grunnþjálfun í gerð og notkun verklýsinga í klippingu og litun.</p> <p>Nemandi fær grunnþjálfun í meðferð og beitingu áhalda ásamt tækni við klippingu og auk gerðar verklýsinga fyrir klippingu og nýtingu þeirra. Kynnt er vinna með klippivélum með mismunandi kömbum og mismunandi aðferðir við þynningu í hári. Unnið er með æfingahöfuð og hártoppa. Nemandinn lærir um lögmál litanna og einkenni þeirra og fræðist um helstu áhöld og efni sem notuð eru til hárlitunar. Farið er í litafræði og kennt að lesa á liti og litaspjöld. Kennd eru grunnatriði á íburði litar s.s. litur í rót og heillitur. Nemandinn kynnist mikilvægi smitvarna og helstu öryggisþátta. Hann fær að auki grunnþjálfun í gerð og notkun verklýsinga í litun. Nemandi fær grunnþjálfun í meðferð og beitingu áhalda ásamt tækni við litun auk gerðar verklýsinga fyrir litun. Nemandinn æfist í að bera lit í hár og kynnist ólíkum aðferðum við litatækni s.s. partalitur og mismunandi stríputækni. Unnið er með hártoppa og æfingahöfuð.</p>
Forkröfur	engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• því kennslukerfi sem unnið er eftir og hvernig það er notað við hönnun og framkvæmd klippinga.• hugtökunum hverfipunktur, jafnsítt og flái og þeim hárförum sem hugtökin tákna.• helstu áhöldum sem notuð eru við klippingar.• helstu smitleiðum.• ýmsum hugtökum sem tengjast litafræði og litun.• litaspjöldum og notkun þeirra.• grunnlitum og blöndunarlitum.• notkun og umhirðu áhalda sem notuð eru við hárlitun.• gerð litaverklýsinga og tilgangi þeirra
Leikniviðmið	<p>Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• klippa æfingahöfuð sítt- og stutt hár, einnig vanga og hnakkatopp í jafnsítt form og fláa.

	<ul style="list-style-type: none"> • gera verklýsingu fyrir klippingu. • greina náttúruleit viðskiptavinar út frá litaspjaldi. • blanda hárlit samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. • lesa og skilja litaspjöld. • þekkja tóna í hárlit. • gera litaverklýsingar
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hafa gott vald á greiðu, skærum og þynningarskærum og á samspili blásara, bursta og greiðu. • sjá samhengi í verklýsingu og því verki sem hún stendur fyrir. • þekkja ólík form í hársnyrtingu og hafa vald á aðferðum til að ná þeim fram. • velja mismunandi gerðir lita eftir litaspjöldum. • bera lit í rót og heillita hár. • gera einfaldar strípur.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	